



## Fundargerð

5. fundur Lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,  
19. febrúar 2020, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, Kristín Gyða Njálisdóttir, Baldur Rafn Sigurðsson, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### **1. Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjunum (2019110318)**

Guðrún Magnúsdóttir, lýðheilsufulltrúi, gerði grein fyrir fyrstu fundum hópsins og næstu skrefum í samstarfinu.

### **2. Starfsáætlun velferðarsviðs (2019120103)**

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, fór yfir starfsáætlun sviðsins.

Lýðheilsuráð fagnar því að lýðheilsa hafi fest sig í sessi og sé nú hluti af starfsáætlun sviðsins með skilgreindum verkefnum.

### **3. Stýrihópur Lýðheilsustefnu (2019100079)**

Guðrún Magnúsdóttir, lýðheilsufulltrúi, óskaði eftir tillögum um fulltrúa í stýrihóp.

Lýðheilsuráð mun gegna hlutverki stýrihóps. Ráðið leggur til að byggt verði á ráðleggingum embættis landlæknis um samsetningu samráðshóps auk þess sem auglýst verði eftir þátttakendum í samráðshópi. Lýðheilsuráð stefnir á að leggja lýðheilsustefnu fyrir bæjarstjórn í júní.

### **4. Stefnumótun í lýðheilsumálum (2019100079)**

Guðrún Magnúsdóttir, lýðheilsufulltrúi, fór yfir hugmyndavinnu varðandi kynningarmyndband um lýðheilsu.

### **5. Göngu- og hjólastígar í Reykjanesbæ (2020021338)**

Anna Sigríður Jóhannesdóttir lagði fram tillögu um að gerð verði úttekt á göngu- og hjólastígum í Reykjanesbæ.

Handwritten signatures and initials: KGN, AO, Göt, JFF, and a large signature.



Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs, mætti á fundinn. Hann fór yfir þróun og stöðu mála varðandi göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu og kynnti hugmyndir um framhaldið.

Lýðheilsuráð tekur undir tillöguna og leggur til að myndaður verði starfshópur í samstarfi við umhverfissvið um mótun stefnu varðandi göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu. Einnig leggur ráðið til að kannaður verði grundvöllur fyrir samstarfi við sveitarfélög á Suðurnesjum um samtengda lýðheilsustíga. Reykjanesbær þarf að efla virka hreyfingu íbúa í takt við niðurstöður lýðheilsuvísa.

Lýðheilsufulltrúa er falið að vinna málið áfram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:45.

*Jóhanna Pául*  
Kristín G. Njálsvatn  
Guðrún ÖSP THEODÓRSÐÓTTIR  
Anna Sigurð Jónannæll  
Baran Pául